



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 19/2008

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Kornisins ehf.  
á að fara að tilmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

**I.**

**Málsmeðferð**

Í júní 2008 fór starfsmaður Neytendastofu í bakarí á höfuðborgarsvæðinu til þess að kanna ástand verðmerkinga. Leiddi sú könnun í ljós að vörur í kæli Kornisins að Ögurhvarfi 3 voru óverðmerktar og verðmerkingum á vörum í borði var ábótavant. Skráði starfsmaður Neytendastofu athugasemd vegna verðmerkinganna og kvittaði starfsmaður Kornisins fyrir án athugasemda.

Í kjölfar könnunarinnar sendi Neytendastofa Korninu ehf. bréf, dags 10. júlí 2008, þar sem þeim tilmælum er beint til fyrirtækisins að koma verðmerkingum í viðunandi horf, með vísan til 17. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 2. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998.<sup>1</sup> Í bréfinu var Korninu gefinn tíu daga frestur til þess að koma verðmerkingum í viðunandi horf.

Neytendastofu barst ekki athugasemd við bréfi stofnunarinnar.

Þann 1. ágúst 2008, fór starfsmaður Neytendastofu í Kornid að Ögurhvarfi 3 til þess að kanna hvort farið hafi verið að tilmælum stofnunarinnar. Sú könnun leiddi í ljós að ástand verðmerkinga í kæli hafði ekki breyst. Verðmerkingar í borði voru í góðu lagi. Skráði starfsmaður Neytendastofu athugasemd vegna þessa og kvittaði starfsmaður Kornisins fyrir án athugasemda.

---

<sup>1</sup> Nú reglur nr. 725/2008 um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar



## II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur Kornid ehf. ekki farið að tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í viðunandi horf, skv. ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 10. júlí 2008, er vísað til 17. gr. laga nr. 57/2005 og 2. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“*

Ákvæði 2. gr. reglna nr. 580/1998 segir:

*„Skylt er að verðmerkja vöru og þjónustu með söluverði. Verðmerking skal vera skýr svo greinilegt sé til hvaða vöru verðmerkingin vísar. Auðvelt á að vera að sjá verð vöru og þjónustu á sölustað. Ef fleiri en ein verðmerking er á vöru, skal koma skýrt fram hvaða verð neytendur eiga að greiða. [...]“*

Þá segir einnig í bréfi Neytendastofu:

*„Með vísan til alls framangreinds beinir Neytendastofa þeim tilmælum til Kornisins að koma verðmerkingum í viðunandi horf að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 57/2005 og reglna nr. 580/1998. Verði það ekki gert innan tíu daga frá dagsetningu þessa bréfs má búast við að tekin verði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.“*

Skv. könnun Neytendastofu á verðmerkingum í Korninu að Ögurhvarfi 3 þann 1. ágúst 2008 voru vörur í kæli enn óverðmerktar. Kornid hefur því ekki farið að tilmælum Neytendastofu.

Ákvæði 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn: [...]*



*c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.*

*Sektir skv. 1. mgr. geta numið allt að 10. millj. kr.“*

Að mati Neytendastofu er mikilvægt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila til að tryggja eðlilega viðskiptahætti og auðvelda neytendum að meta verð á vörum og þjónustu. Að mati Neytendastofu þykir sýnt að ekki verði farið að tilmælum stofnunarinnar.

Í ákvæði 22. gr. laga nr. 57/2005 er ekki um það fjallað hvaða sjónarmið skuli búa að baki ákvörðun um fjárhæð sekta. Þá er í lögnum ekki ákveðin lágmarksfjárhæð á sektum vegna brota á lögnum eða reglum settum skv. þeim þó hámark þeirra sé 10 millj. kr. Verður því að byggja sektarákvarðanir á almennum málefnalegum sjónarmiðum stjórnarsýsluréttarins. Í máli þessu telur Neytendastofa að ekki sé um ávinningsbrot að ræða, þ.e. vandséð er hvort Korníð hafi hlotið fjárhagslegan ávinning af broti sínu, og verður sektarfjárhæðin að taka mið af því. Þá verður að mati stofnunarinnar einnig að taka mið af umfangi og grófleika brotsins, sem og þess hvort um ítrekað brot sé að ræða. Í máli þessu eru vörur í kæli í Korninu, Ögurhvarfi 3, óverðmerktar og hefur fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í lag. Aðrar verðmerkingar í bakaríinu voru í góðu lagi. Að teknu tilliti til framangreinds og þess að Neytendastofa hefur ekki áður haft afskipti af verðmerkingum Kornins þykir stofnuninni hæfilegt að leggja á fyrirtækið stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (eitthundraðþúsundkrónur).

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Korníð ehf., Hjallabrekku 2, Kópavogi, hefur ekki farið að tilmælum Neytendastofu sem fram komu í ákvörðun stofnunarinnar í bréfi til Kornins, dags. 10. júlí 2008.**

**Með heimild í 22. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Korníð ehf. að fjárhæð 100.000 kr. (eitthundraðþúsundkrónur).**

**Sektin skal greiddast í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu þessa bréfs.“**

Neytendastofu, 13. ágúst 2008



Tryggvi Axelsson

Þórunn Anna Árnadóttir